

Ár 1992, miðvikudaginn 16. september, var í málinu nr. 3/1992 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd, svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

Málavextir eru þeir að með bréfi dags. þann 13. mars s.l. barst Yfirfasteignamatsnefnd kæra frá Ragnhildi G. Pálsdóttur kt. 270935-2309 vegna fasteignamats á sumarhúsi hennar í landi Hlíðarbóls í Fljótshlíðarhreppi í Rangárvallasýslu svohljóðandi:

"Ég undirrituð á sumarhús í landi Hlíðarbóls Fljótshlíð Rangárvallasýslu tilk. nr. 34.600R nr. eig. 0-01. Lóðarnr. 33000010. Þjóðskr. nr. 3300-0010. Á fasteignamatsseðli 01.12.1991, verður töluverð hækkun á húsmati ofangreinds sumarhúss milli ára. Húsmat hækkar úr kr. 852.000 í kr. 1.717.000. Þetta er um 101 % hækkun milli ára. Fasteignamatið á Selfossi hefur upplýst, að sumarhúsið hafi verið metið í september 1991, án þess að ég fengi vitneskju um það mat. Mér finnst einkennilegt að hægt sé að framkvæma mat, án þess að fara inni viðkomandi eign og gera þar mælingar og athuganir sem til þarf, til þess að byggja mat á. Einnig vil eg láta í ljós óánægju með lóðarmat fyrir þann blett, sem eg hef, umhverfis sumarhúsið þ.e. um 40m. x 40m.

Vænti ég þess að ég fái einhverja leiðréttingu á ofangreindu mati."

Föstudaginn 8. maí s.l. fór nefndin á vettvang og skoðaði umrædda eign í fylgd eigendanna Ragnhildar G. Pálsdóttur og Haraldar Guðnasonar. Í för voru einnig forstjóri Fasteignamats ríkisins Magnús Ólafsson og Samúel Smári Hreggviðsson, forstöðumaður umdæmisskrifstofu FMR á Selfossi. Eigendur lögðu fram teikningar af húsinu, sem talið er byggt árið 1987.

Í málinu liggja einnig fyrir all-ítarlegar upplýsingar frá umdæmisskrifstofu FMR á Selfossi, s.s. mæling á stærð húss og lóðar ásamt ljósmyndum af húsi. Samkvæmt framangreindum gögnum þá er stærð hússins 50,0 m² og landsins 1600 m² og er í eftirgreindum úrskurði um fasteignamat miðað við þær stærðir, sem nefndin hefur yfirfarið og telur réttar.


Land það, sem sumarhúsið stendur á, er skipt út úr landi jarðarinnar Hlíðarbóls, en sú jörð er í eigu fjölskyldu annars eiganda framangreinds sumarhúss og ekki í neinum tengslum við hefðbundna sumarhúsabyggingu.


Niðurstöður nefndarinnar eru þær að framangreint land, að stærð 1600 m² sé hæfilega metið á kr. 80 þúsund og sumarhúsið, 50,0 m² að stærð, á kr. 1545 þúsund, hvort tveggja miðað við þá fasteignaskrá er út var gefin þann 1. desember 1991.

ÚRSURÐARORÐ:

Fasteignamat framangreinds sumarhústaðar í landi Hlíðarbóls í Fljótshlíðarhreppi í Rangárvallasýslu ákveðst þannig:

Land að stærð 1600 m² er metið á kr. 80 þúsund og sumarhús að stærð 50,0 m² er metið á kr. 1545 þúsund. Hvort tveggja samkvæmt fasteignaskrá þeirri er út var gefin þann 1. desember 1991.


Guðný Björnsdóttir


Pétur Stefánsson


Andrés Svanbjörnsson